

## Því dæmist rétt vera:

Gagnsókn áfrýjanda vísast frá gestaréttinum. Áfrýjandinn Hjálmar Sigurðsson greiði stefndu G. Gíslason & Hay 658 kr. 68 a. með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. jan. 1910 til borgunardags og auk þess 6% ársvexti af 1500 krónum frá 1. jan. 1910 til 9. júní s. á. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti greiði áfrýjandi stefndu 80 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 13/1911:

Th. Thorsteinsson

gegn

Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni og Jóni Jónssyni fyrir hönd Þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa.

D ó m u r.

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur Th. Thorsteinsson kaupmaður hér í bænnum gegn stefndu, fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni konsúl og Jóni Jónssyni útvegsbónda fyrir hönd Þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa, til þess að fá þá fyrir hönd félagsins dæmda til að greiða sér 5000 kr. skaðabætur fyrir skemdir á skipi hans Guðrúnu Sofftu.

Var málið dæmt á bæjarþinginu hinn 22. desember f. á. með þeim úrslitum, að hinir stefndu voru fyrir hönd þilskipaábyrgðarfélagsins sýknaðir af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandiinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. apríl þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómi þessum verði hrundið og breytt þannig, að stefndu verði vegna þilskipaábyrgðarfélagsins dæmdir til að greiða áfrýjandanum hina umstefndu upphæð 5000 kr. ásamt 6 % vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu og hafa þeir aðallega krafist þess, að máli þessu verði vísað frá undirrétti, en til vara, að undirdómurinn verði staðfestur, þó þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirréttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að fiskiskútan Guðrún Soffía, eign áfrýjanda, varð fyrir talsverðum skemdum í ofviðri hér á höfninni nóttina milli 27. og 28. febrúar f. á. fyrir árekstur annara skipa, og af því að nefnt skip rak upp úr því á land og brotnaði að mun. Skip þetta var vátrygt gegn sjóskaða í þilskipaábyrgðarfélaginu við Faxaflóa, en stjórn félagsins hefir neitað að greiða skaðann.

Stefndu byggja kröfu sína um frávisun málsins frá gestaréttinum á því, að samkvæmt 30. grein félagslaganna eigi ágreiningur milli embættismanna félagsins og annara félagsmanna ekki undir úrslit dómstólanna heldur undir fullnaðarúrslit aðalfundar, og sé hér einmitt um slíkan ágreining að ræða, þar sem stjórn félagsins hafi

eigi viljað sinna kröfu félagsmanns (áfryjanda) um bætur fyrir skipið úr félagssjóði. Í nefndri grein félagslaganna segir þó ekki annað en það, að ágreiningnum skuli skjóta til aðalfundar og skeri hann úr með atkvæðagreiðslu, en í þessu ákvæði þarf ekki að felast frekara en það, að leita hafi átt aðalfundar um ágreininginn og hann að álykta um hann fyrir félagsins hönd — og því ákvæði virðast málsaðilar samdóma um að hafi verið nægilega fullnægt — en eigi hitt, að félagsmaðurinn skuli með því útilokaður frá að almennum lögum að mega leita réttar síns gegn félaginu fyrir dómstólum landsins.

Frávísunar- og ómerkingarkrafan verður því ekki tekin til greina.

Sýknunarkröfu sína byggja stefndu aðallega á því, að þá er skaða þann bar að höndum, sem áfryjandi krefst bóta fyrir, hafi hvorki skipstjóri eða stýrimaður á umræddu skipi, Guðrúnu Soffíu, verið á því, en það sé skýrt tekið fram í 20. gr. félagslaganna, að félagið bæti ekki skaða á skipum, þegar svo stendur á, en hér hafi ekki verið fyrir hendi neinar af þeim undantekningum, sem löggin heimili frá þeirri reglu.

Upphaf umgetinnar 20. gr. félagslaganna hljóðar þannig: »Þótt félagsskip farist eða laskist á þeim tíma, sem það er í ábyrgð, þá tekur þó félagið engan þátt í þeim skaða:

a) Þegar ekki er í skipinu skipstjóri eða stýrimaður og háseti, nema skipshöfnin hafi þurft að bjarga lífi sínu, þó getur stjórnarnefndin gjört þá undantekningu, að einungis einn háseti sé í skipinu þegar það liggur aðgjörðarlaus í góðri höfn og er hætt við fiskiveiðar og flutningaferðir.

Áfrýjandi viðurkennir að visu, að hvorki stýrimaður né skipstjóri hafi verið í skipinu, er því barst á, án þess undantekningar þær frá reglunni í staflíð a í nefndri grein, er þar eru nefndar, væru fyrir hendi. En hann (áfrýjandi) heldur því fram, að umrætt ákvæði 20. gr. eigi að eins við þegar skip eru í sjóskaðaábyrgð á fiskiveiðum, en geti þar á móti ekki átt við þegar skip sé váttrygt í hafnarlegu samkvæmt 16. gr. laganna; um þessa ábyrgð (ábyrgð skips í hafnarlegu áður en það leggur út til fiskiveiða) gildi að eins hið almenna ákvæði í 20. gr. c félagslaganna, að félagið bæti ekki skaða, þá er skip ferst fyrir hirðuleysi eða vangá, en hér sé engu slíku til að dreifa. Á þetta verður þó ekki fallist. Orðalagið í upphafi 20. gr. er svo víðtækt, að ákvæði greinarinnar í staflíð a verður að gilda einnig um ábyrgð í hafnarlegu, þar sem undantekning að því er þá ábyrgð snertir hefir ekki verið gjörð í lögnum.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að kröfunni um það, að skipstjóri eða stýrimaður væri í skipinu, er það liggur í tryggri höfn, hafi aldrei verið fylgt í framkvæmd, enda sé hún svo afarósanngjörn í garð skipseigenda og gagnstæðileg reglum slíkra ábyrgðarfélaga, þar sem það vitanlega sé ekki að jafnaði á valdi skipseiganda, hvort skipstjóri eða stýrimaður sé í skipi eða ekki, og loks heldur áfrýjandi því fram, að það hefði í því tilliti, sem hér er um að ræða, ekki farið neitt öðruvisi um skipið, þótt skipstjóri og stýrimaður hefðu verið í því. Stefndu hafa mótmælt þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að pilskipaábyrgðarfélagið hafi ekki framfylgt áður hinni umgetnu reglu í 20. gr. laganna, og hvað sem annars mætti segja um greindar ástæður áfrýjanda, virðist eigi hægt að taka

þær til greina gegn alveg ljósum ákvæðum félagslaganna, sem ótvírætt leysa félagið frá skaðabótaskyldu, þegar svo stendur á sem hér um ræðir, að hvorki skipstjóri né stýrimaður var í skipinu, er því barst á.

Það verður því að fallast á það, að undirdómarinn hefir sýknað stefndu af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði undirdómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn Th. Thorsteinsson greiði stefndu, Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni og Jóni Jónssyni fyrir hönd þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. dag nóvembermán.

Nr. 34/1911:

Einar M. Jónasson  
gegn

Þorbjörgu Armannsdóttur.

D ó m u r:

Áfrýjandinn Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Mýra- og